

Garðabær
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 20. október 2022
UST202210-023/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Búrfell í Garðabæ

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Garðabæjar, dagsett 4. október 2022 um leyfi til framkvæmda við stjörnuskoðunarsvæði við bílastæðið við upphaf gönguleiðar að Búrfelli.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 687/2020. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma jarðmyndanir innan náttúruvættisins nema til komi sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun og Garðabæ. Almennungi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Notkun fjarðstýrða loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema með fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að setja upp stjörnuskoðunarsvæði við bílastæði við upphaf gönguleiðar að Búrfelli. Teikningar af fyrirhuguðu svæði fylgdi með umsókn. Í verkefninu felst að helluleggja göngustíg frá bílastæði að stjörnuskoðunarsvæðinu, setja upp 2 metra háa girðingu úr trjádruðum utan um stjörnuskoðunarstaðinn, hlaða 60 metra háan vegg utan um áningarstað sem yrði utan við stjörnuskoðunarstaðinn, grasflái myndi vera á fjarhlið hlaðna veggisins. Jafnframt verða sett upp upplýsingarskilti og hjólastæði. Í framhaldi af áningarstaðnum yrði gerð ný stígtenging inna á núverandi stíg. Áætlaður verktími er 1 mánuður og hæfist verkið í október 2022. Að verkinu koma 3 manns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Gestir svæðisins munu verða fyrir truflunum á meðan framkvæmdartíma stendur en Umhverfisstofnun telur að hægt sé að takmarka þær sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár sbr. lýsingu hér að ofan frá 21. október til 31. desember 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnaupplýsingum, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað með upplýsingum um framkvæmdartíma, afmörkun framkvæmdarsvæðis og hjáleidir þar sem við á.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Nota skal staðargróður til að græða upp sár í gróðursvörðinum og í fláanum við hlaðna vegginn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústdóttir
forstjóri

René Biasone
sérfræðingur